

Mál nr. 283/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12. ágúst 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 8. september 2025, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16. september 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 25. september 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í vinnuslysi hjá X 25. janúar 2023. Er þess krafist að nefndin staðfesti að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum þess slyss og M eigi því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Er á því byggt að slysið hafi orðið við bakdyr eldhúss vinnustaðar X. Atvikum er þannig lýst að M hafi umrætt sinn verið að bera stór bretti út um bakdyr eldhúss vinnustaðarins. Hafi hann haldið á bretti og þegar hann hafi stigið út fyrir dyrnar hafi hann runnið í hálku, sem hafði myndast fyrir utan dyrnar, og fengið brettið ofan á sig. Á öðrum stað í málskoti er atvikum þó þannig lýst að þegar M hafi runnið í hálkunni hafi hann fengið tvö bretti ofan á sig. Þá kemur fram í málskotinu að daginn eftir slysið hafi hann leitað til yfirmanns síns hjá X það sem hann hafi lýst tildrögum slyssins og gerð hafi verið atvikaskráning. Þá hafi M leitað til lækis þar sem komið hafi í ljóst brot á löngutöng vinstri handar, en M sé örvhentur. Hafi M síðan verið til meðferðar á slysadeild LHS, hjá bæklunarlækni og sjúkraþjálfara auk þess að njóta þjónustu hjá Virk, vegna afleiðinga slyssins. Sé M enn óvinnufær. Í málinu liggur fyrir matsgerð frá endurhæfingarlækni, dags. 5. apríl 2025, þar sem vararnleg læknifræðileg örorka M af völdum slyssins er metin 5%.

M telur að rekja megi slysið til þess að ekki hafi verið búið að hálkuverja svæðið fyrir utan eldhúsdyrnar og að X beri ábyrgð á þeim vanbúnaði. Nauðsynlegt hafi verið að hálkuverja svæðið fyrir utan dyr eldhússins, en um 4-5 starfsmenn hafi átt leið um það svæði oft á dag í því skyni að henda rusli. Lýsir M því að mikil hálka hafi átt það til að myndast við dyrnar, sérstaklega á þeim tíma árs sem slysið átti sér stað (þ.e. janúar). Telur M að það hefði með einföldum hætti verið unnt að koma í veg fyrir hálkumyndun með því að sanda eða salta svæðið. Það hafi hins vegar ekki verið gert í umrætt sinn. M telur að í því felist stórkostlegt gáleysi af hálfu starfsfólks X. Auk framangreinds upplýsir M að starfsmenn hjá X hafi átt að vera í tilteknum vinnuskóm, sem X hafi útvegað, við vinnu í eldhúsinu. Er fullyrt að yfirmaður M hafi meinað honum aðgang að slíkum skóm. Byggir M á því að ef hann hefði haft aðgang að þesskonar skóbúnaði, líkt og gilt hafi um aðra starfsmenn X, hefði mögulega verið hægt að koma í veg fyrir slysið. Þá telur M einnig óeðlilegt að honum hafi einum verið ætlað að vinna umrætt verk, enda hafi verið um að ræða stórar pallettur. Telur M að mögulega hefði verið hægt að koma í veg fyrir slysið ef hann hefði fengið aðstoð frá öðrum starfsmönnum.

M telur að X og starfsmenn þess hafi brotið gegn þeim skyldum sem á vinnuveitanda eru lagðar skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nokkuð sem hafi bakað X skaðabótaábyrgð. Nefnir hann sérstaklega 1., 13., 37. og 41. gr. þeirra laga í því sambandi. Til viðbótar bendir M á 6. gr. reglna nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar og 1. mgr. og d-lið 3. mgr. 41. gr reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, máli sínu til frekari stuðnings. Hér vísar M einnig í Hrd. 16. nóvember 2006 í máli nr. 198/2006.

M byggir einnig á því að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 19. maí 2023, þ.e. um fjórum mánuðum eftir slysdag. Sú vanræksla X hafi falið í sér brot á 79. sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980, enda sé ljóst að X hafi borið skylda til að tilkynna slysið strax til Vinnueftirlitsins. Telur M að þar sem slysið var ekki réttilega tilkynnt og því engin rannsókn farið fram á tildrögum þess, eigi að leggja frásögn M um atvik máls til grundvallar í málinu. Bendir M á í þessu sambandi að þær upplýsingar sem fram koma í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga um fjórum mánuðum eftir slysdag séu ófullnægjandi enda í engu samræmi við lýsingu hans á tildrögum slyssins. Undirstrikar M einnig að engin vitni hafi verið að slysinu. Þá er í málskotinu einnig tekið fram að M tali mjög takmarkaða ensku og íslensku. Verður að skilja málatilbúnað M í málskoti þannig að hann telji að þetta hafi m.a. leitt til þess að sú stutta atvikalýsing sem yfirmaður hans skráði niður daginn eftir slysið hafi

verið ófullnægjandi, enda ekki í samræmi við þá lýsingu M sem er að finna í málskoti. Er einnig á það bent að þegar sú atvikalýsinga hafi verið skráð hafi M ekki notið aðstoðar tólks. Að lokum mótmælir M þeim rökum V að leggja eigi þá atvikalýsingu sem sé að finna í frumgögnum málsins til grundvallar, enda séu þau gögn af skornum skammti og upplýsingarnar takmarkaðar og ófullnægjandi sbr. framangreind rök. Bendir M aftur á í því sambandi, að það megi rekja til þess að slysið var ekki réttilega tilkynnt til Vinnueftirlits og þannig tryggt að fullnægjandi rannsókn gæti farið fram.

Í athugasemdum V, dags. 8. september 2025, er skaðabótaábyrgð X hafnað. Máli sínu til stuðnings vísar V til upplýsingar um atvik máls í frumgögnum. Bendir V á að í frumgögnum málsins komi fram að M hafi í umrætt sinn verið að stilla upp bretti við annað bretti þegar þau hafi dottið á finger hans, þ.e. að M hafi klemmt sig á milli bretta sem hann hafi verið að stilla upp. Hvergi í frumgögnum málsins sé talað um að M hafi dottið í hálku. Það sé ekki fyrr en með óundirritaðri tilkynningu M til Sjúkratrygginga, dags. 28. september 2023, sem málsatvikum sé lýst með þeim hætti sem byggt sé á í málskoti. M hafi veitt lögmanni umboð þann sama dag, þ.e. 28. september 2023. Í tjónstilkynningu til V, dags. 6. október 2023, sé einnig að finna sömu lýsingu og í málskoti. Sú tilkynning sé undirrituð af lögmanni M en ekki X. Þá bendir M einnig á að í gögnum vegna komu M til læknis 13. desember 2023, sé atvikum lýst með sama hætti og í frumgögnum. Framangreindu til frekari stuðnings bendir V á að í atvikalýsingu, dags. 26. janúar 2023, þ.e. daginn eftir slysið, sé atvikum lýst þannig: „Var að færa palettu undan vörum handþvottabretti sem datt á finger þ. 25.1. Lét ekki vita á og kláraði vinnudaginn.“ Þá sé m.a. eftirfarandi skráð á bráðamóttöku þann sama dag: „Var að ganga frá bretti sem hafði komið með vörur í gær. Var að stilla því upp við annað bretti þegar þau detta á hann og hann fær flís í vi. löngutöng. Náði að taka strax flísina. Bólga og mat á fingrinum, max eymsli voralt um pip ligð dig III sin. Rtg. sýnir afrifu basalt frá miðkjúku.“ Sambærilega lýsingu sé m.a. að finna í læknisvottorði dags. 13. mars 2023, í tilkynningum til Vinnueftirlits, dags. 19. maí 2023 og Sjúkratrygginga, dags. 22. maí 2023 og í sjúkrakrá 31. ágúst 2023. V telur að framangreindar upplýsingar í frumgögnum sýni skýrt hvernig slys M atvikaðist. Það beri því að leggja þá lýsingu til grundvallar í málinu. Slíkt sé í samræmi við dómvenju. Bendir V á Hrd. 8. júní 2006 í máli nr. 47/2006 og frá 22. mars 2018 í máli nr. 286/2017 því til frekari stuðnings.

Þessu til viðbótar bendir V á að samkvæmt upplýsingum frá X sé umrætt svæði, þ.e. það svæði sem í málskoti er byggt á að M hafi dottið, upphitað. Þá vísar V einnig til þess að í upplýsingum frá Veðurstofu Íslands hafi almennt við nokkuð hlýtt í aðdraganda slyssins. Þannig hafi hitastig á þeim tíma þegar atvikið á að hafa átt sér stað verið 1,8 gráður í plús. Telur V að fyrirliggjandi gögn um veður bendi því til þess að ólíklegt sé að hálka hafi verið á svæðinu er slysið varð, og jafnvel þó sú hafi verið raunin sé ólíklegt að hún hafi verið það mikil að hitakerfið hafi ekki ráðið við hálkuna. Þessu til viðbótar bendir V á að X hafi upplýst að húsvörður sjái um að hálkuverja allt útisvæði þegar þörf sé á því.

V telur með vísan í framangreint að tjón M verði ekki rakið til athafna eða athafnaleysis sem X geti borið skaðabótaábyrgð á. Telur V að jafnvel þó málsatvikalýsing M í málskoti yrði lögð til grundvallar í málinu yrði niðurstaðan sú sama, enda hefði ekki verið lögð fram nein þau gögn sem gætu sýnt fram á hálku á svæðinu í umrætt sinn né að hálkuvarnir af hálfu X hafi verið vanræktar. Hvað varði rannsókn á slysinu bendir V á að M hafi ekki tilkynnt vinnuveitanda um slysið fyrr en daginn eftir slysdag. Þá hafi ekki lengur verið möguleiki á að rannsaka aðstæður á slysavettvangi m.t.t. hálku. Telur V því að M verði að bera ábyrgð á því að ekki hafi farið fram rannsókn á aðstæðum á slysdegi. Þá hafnar V fullyrðingum M varðandi skóbúnað starfsmanna, enda séu þær ekki studdar neinum gögnum. Þá sé alvanalegt og ekkert við það að athuga að starfsmenn beri vörubretti einir sín liðs.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 16. september 2025, er rökum V mótmælt. Þá er m.a. bent sérstaklega á að upplýsingar um málsatvik í frumgögnum séu mjög takmarkaðar, auk þess sem það hafi verið X en ekki M að sjá til þess að tildrög og orsök slyssins væru rannsökuð.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 25. september 2025, eru fyrri rök félagsins ítrekuð. Þá er m.a. bent á að lýsing á falli og hálku komi ekki fram í atvikalýsingu í frumgögnum málsins né í samskiptum við yfirmenn M daginn eftir slysið. Þá bendir V á að engin gögn styðji það að M hafi ekki getað gert sig nægjanlega skiljanlegan vegna tungumálaerfiðleika. Sömu sögu sé að segja um fullyrðingar lögmanns M um skort á hálkuvörnum. Þá liggi fyrir upplýsingar um veðurfar sem bendi ekki til þess að hálka hafi verið á svæðinu.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á slysi því sem M varð fyrir við vinnu sína 25. janúar 2023. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Dómafordæmi benda til þess að litið sé svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur réttilega tilkynnt slys samkvæmt framangreindu lagaákvæði skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik eða aðstæður á vinnustað, að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Í málinu liggja fyrir gögn um óvinnufærni M í kjölfar slyssins. X bar því að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins. Það var hins vegar ekki gert fyrr en um fjórum mánuðum eftir slysdag nokkuð sem fól í sér brot X á skyldum skv. framangreindu ákvæði 79. gr. Þrátt fyrir framangreint telur nefndin, með vísan til upplýsinga í frumgögnum málsins, að ekki sé óvissu fyrir að fara í málinu um málsatvik eða aðstæður á vinnustað. Nefndin leggur því til grundvallar í málinu að M hafi í umrætt sinn verið að stilla upp bretti við annað bretti þegar þau hafi dottið á fingur hans, þ.e. að M hafi klemmt sig á milli bretta sem hann hafi verið að stilla upp. Sú lýsing sem er að finna í málskoti á sér hins vegar ekki stoð í frumgögnum málsins og verður því ekki lögð til grundvallar. Með vísan í framangreint, þar á meðal þá málsatvikalýsingu sem lögð er til grundvallar í málinu, hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sýna fram á það að slys hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna X sem geti leitt til skaðabótaábyrgðar gagnvart M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir